06.10.2026

Ágrip fyrir ráðstefnu Kennsluakademíunnar

Nám og kennsla í breyttri heimsmynd: Hugrekki, hugsjónir og manneskjan í brennidepli. Hvernig styrkjum við háskólasamfélagið á tímum hraðra breytinga?

Á einum og hálfum hraða: Athygli, streymisáhorf og kennsla í kvikmyndagreiningu

Björn Þór Vilhjálmsson

Þegar nemendur koma í inngangsnámskeiðið Kvikmyndarýni (KVI101G) í kvikmyndafræði er auðvitað um reynda áhorfendur að ræða, en þetta eru áhorfendur sem í síauknum mæli eru mótaðir af streymisveitum og stuttvídjóum í snjallsímum (e. short form videos / reels): kvikmyndir eru skoðaðar í fartölvum og símum, stundum á auknum spilunarhraða, með texta á skjánum og gjarnan með annan skjá við höndina. Það sem svo er valið er valið með aðstoð meðmælaalgríms og líkist oftast harla lítið þeim kvikmyndum sem finna má á kennsluskrá námskeiða kvikmyndafræðinnar. Á sama tíma getur gervigreindin framleitt fullkomlega boðlega þematíska túlkun á nær hvaða kvikmynd sem er (ekki síst þeim sígildu), eða rætt tiltekin rit útfrá meginhugmyndum og framlagi til fræðanna, en þetta gerir hefðbundin rituð prófform á borð við greiningarverkefni, dagbækur, ritgerðir og heimapróf vandasöm í framkvæmd og/eða úrelt. Í þessu erindi er því haldið fram að þessar tvær umbreytingar, sem til okkar koma í boði tæknifyrirtækja vestanhafs, beri að lesa sem samþætt fyrirbrigði og megi nálgast sem innbyggðan vanda athyglishagkerfisins, eða vanda athyglinnar, fremur en inntaksins. Jafnframt er því haldið fram að hugræn kvikmyndafræði bjóði háskólakennurum upp á bæði greiningu á vandanum og hagnýt viðbrögð við honum.

Með hliðsjón af kenningahefð Davids Bordwell, sem lítur á áhorfandann sem virkan geranda er setur stöðugt fram tilgátur, og rannsóknum á samstilltri athygli og „klippiblindu“ (Smith 2012), verður fjallað um breytingar sem gerðar voru á námskeiðinu Kvikmyndarýni við HÍ haustið 2026. Nemendur svöruðu í upphafi misseris nafnlausri könnun um eigin áhorfsvenjur og eru niðurstöðurnar nýttar sem greiningarefni í tímum og móta áherslur í námsmati. Námsmati sem þannig er beint að verkefnum sem krefjast nákvæmrar athygli á hljóð- og myndmáli, nákvæmri greiningu á myndskeiðum í kennslustund að loknu sameiginlegu áhorfi, osfrv. Ekki verður annað sagt en að vísbendingarnar séu ótvíræðar í þá átt að með því að gera umgjörð og skilyrði eigin áhorfs áþreifanleg í formi könnunar hafi leitt bæði til forvitnilegrar niðurstöðu um áðurnefnd atriði (það hversu algengt það er að horfa á auknum hraða og/eða tvískjáa áhorfið) heldur líka það að mikilvægur munur sé á því að neyta kvikmyndar og að greina hana. Niðurstaðan virðist vera sú að varðstaða um mannlega þáttinn í háskólanámi þurfi ekki að fela í sér andstöðu við tækniþróun. Hún getur falist í því að kenna nemendum að sjá hvernig tæknin mótar skynjun og veita þeim hugrekki til að hægja á!

Heimildir:

- Biesta, Gert. 2013. *The Beautiful Risk of Education*. Boulder: Paradigm.
- Bordwell, David. 1985. *Narration in the Fiction Film*. Madison: University of Wisconsin Press.
- Bordwell, David, Kristin Thompson and Jeff Smith. 2020. *Film Art: An Introduction*. 12th ed. New York: McGraw-Hill.

- Casetti, Francesco. 2015. *The Lumière Galaxy: Seven Key Words for the Cinema to Come*. New York: Columbia University Press.
- Frey, Mattias. 2021. *Netflix Recommends: Algorithms, Film Choice, and the History of Taste*. Oakland: University of California Press.
- Hayles, N. Katherine. 2007. „Hyper and Deep Attention: The Generational Divide in Cognitive Modes.“ *Profession* 2007: 187–199.
- Murphy, Dillon H., Kara M. Hoover, Karina Agadzhanyan, Jesse C. Kuehn and Alan D. Castel. 2022. „Learning in Double Time: The Effect of Lecture Video Speed on Immediate and Delayed Comprehension.“ *Applied Cognitive Psychology* 36 (1): 69–82.
- Plantinga, Carl. 2009. *Moving Viewers: American Film and the Spectator's Experience*. Berkeley: University of California Press.
- Smith, Tim J. 2012. „The Attentional Theory of Cinematic Continuity.“ *Projections* 6 (1): 1–27.
- Tavlin, Will. 2025. „Casual Viewing.“ *n+1*, no. 49.